

## Minnisblað

### 1506568 – Hjúkrunarheimili Sólvangssvæði - fyrirspurn

Eftirfarandi fyrirspurn var lögð fram á bæjaráðsfundi 14. júní 2016: *Tvö ár eru nú liðin frá því að fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar stöðvuðu framkvæmdir við hjúkrunarheimili í Skarðshlíð og lögðu til að uppbygging öldrunarþjónustu ætti að eiga sér stað á Sólvangsreit. Hönnun á hjúkrunarheimili í Skarðshlíð var þá lokið og áætlað að það gæti opnað í ársbyrjun 2016. Enn bólar ekkert á nýju hjúkrunarheimili í Hafnarfirði og nú hefur fundur í verkefnastjórn ekki verið haldinn í tvo mánuði. Þá hafa ekki borist niðurstöður frá kærunefnd útboðsmála vegna hönnunarútboðs. Í ljósi þessa óska fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins og framkvæmdaáætlun.*

Með bréfi 25.02.2016 kærðu Úti og inni sf. og Landform ehf. þá ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að ganga til samninga við STH teiknistofu ehf. og Landmótun ehf. um hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili á Sólvangi. Samningagerð var stöðvuð og 04.04.2016 hafnaði Kærunefnd útboðsmála því að aflétta stöðvun samningagerðar.

Kærunefnd útboðsboðsmála kvað upp úrskurð í málinu 3/2016 13.06. s.l. Úrskurðarorð er svohljóðandi: „Ákvörðun varðaraðila, Hafnarfjarðarkaupstaðar, um að ganga til samninga við STH teiknistofu ehf og Landmótun sf., í útboði auðkennt „Hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi“ er felld úr gildi.“

Á fundi verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins þann 23.06.2016 var ákveðið með vísan til niðurstöðu kærunefndar útboðsmála að ganga til samninga við Úti og Inni sf. og Landform ehf á grundvelli útboðs auðkennt „Hönnun og ráðgjöf fyrir hjúkrunarheimili Sólvangi“.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki í mars/apríl 2018, þ.e. að hjúkrunarheimilið verði komið í notkun þá. Verkefnisstjóri og aðalhönnuður eru að rýna verk- og tímaáætlun m.t.t. til þess.

Fundargerð fundar verkefnisstjórnar hjúkrunarheimilisins frá 23.06. s.l. fylgir með þessu minnisblaði.

Hafnarfirði, 27.06.2016

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu